

Hafnarfirði, 31. október 2022

Heil og sæl!

Það er þrennt sem mig langar til að ávarpa við ykkur á þessum fallega mánudagsmorgni. Í fyrsta lagi vil ég minna ykkur á **val fyrir næstu önn, vorönn 2023** en valvikunni lýkur nú á miðvikudag, þann 2. nóvember. Allir nemendur velja sjálfir, utan nemenda á fyrsta ári og á starfsbraut. Athugið, þið þurfið að velja sex áfanga að lágmarki auk íþróttá, en **allar leiðbeiningar má finna á heimasíðu skólans**. Þar má finna brautarlýsingar og er afar mikilvægt að nemendur fylgi sinni braut en einnig má sjá lista yfir þá áfanga sem eru í boði á næstu önn, m.a. jákvæða sálfræði, leiðsöguáfanga um Ísland, tónlistarsöguáfanga, hagnýta siðfræði, kynjafræði, áfanga um náttúruhamfarir, myndvinnslu og stjórnufræði, svo eitthvað af fjölbreyttu áfangaframboði skólans sé nefnt. Þá vil ég minna á **Námstorg fyrir framan skrifstofu skólans** þar sem umsjónarkennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur eru til aðstoðar með valið, ef þörf er á.

Búið er að birta próftöflu annarinnar, sjá [hér](#). Ég bið ykkur um að skoða töfluna vel og skipuleggja tímann ykkar vel þegar þar að kemur.

Að lokum vil ég ítreka, enn og aftur, að hjá okkur er nemandi sem er að glíma við alvarlegt **sítrus- ofnæmi** sem hefur því miður verið að ágerast. Við höfum auglýst vel að **allir sítrusávéxtir og vörur þeim tengdum** séu bannaðir en það dugar bara ekki til. Ég biðla því til ykkar, kærur nemendur, um að taka fullt tillit til þessa og **ekki koma með sítrusávéxti - appelsínur/mandarínur/sítrónur/lime – í skólann** og forðast öll **ilmefni** sem innihalda sítruslykt. Hér verðum við einfaldlega að hjálpast að og þannig koma saman í veg fyrir frekari veikindi nemandans.

Með vinsemd og virðingu,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400/694 7594

